



# UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Kópavogi, 2. desember 2020  
Málsnr. UTL:2020110029

## **Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um Schengen upplýsingakerfið á Íslandi.**

Meðfylgjandi eru athugasemdir og umsögn Útlendingastofnunar eftir yfirlestur frumvarps til laga um Schengen upplýsingakerfið á Íslandi. Vakin er athygli á því að stofnunin, hefur líkt og fram kemur í frumvarpinu, komið athugasemdum á framfæri við vinnslu frumvarpsins.

Útlendingastofnun ítrekar þá athugasemd, sem komið var á framfæri við dómsmálaráðuneytið við vinnslu frumvarpsins og gerð er grein fyrir í greinargerð, að núgildandi lög um útlendinga varðandi brottvísanir og sjálfviljuga heimför eru ekki í fullu samræmi við regluverk Schengen-samstarfsins, þá sérstaklega tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. [2008/115/EB](#) um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðja ríkis sem dvelja þar ólöglega. Gerir það regluverk ráð fyrir að frestur til sjálfviljugrar heimfarar sé veittur eftir að ákvörðun um brottvísun hefur verið tekin og þannig fái viðkomandi tækifæri til þess að yfirgefa Schengen svæðið án þess að fá endurkomubann. Að núgildandi lögum um útlendinga þarf að veita þennan frest áður en ákvörðun um brottvísun er tekin. Í frumvarpinu er vísað til fyrirhugaðs frumvarps til breytinga á lögum um útlendinga og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir um þetta atriði en bendir á að þörf er á að færa núgildandi lög til betra samræmis við Schengen-regluverkið.

Að öðru leyti hefur stofnuni aðeins eina athugasemd við frumvarpið sem ekki hefur verið sett fram áður en það varðar skilgreiningu á sjálfviljugri heimför í 14. tl. 1. mgr. 2. gr frumvarpsins. Ekki er að finna nákvæma skilgreiningu á þessu hugtaki í lögum um útlendinga nr. 80/2016 en um þessa leið er fjallað í 7. mgr. 104. gr. laga um útlendinga en auk þess er að finna ákvæði í reglugerð um útlendinga þar sem fjallað er um sjálfviljuga heimför. Skilgreiningu á sjálfviljugri heimför er að finna í 8. tl. 3. gr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. [2008/115/EB](#) um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðja ríkis sem dvelja þar ólöglega. Þar er hugtakið skilgreint svo „*voluntary departure*’ means *compliance with the obligation to return within the time-limit fixed for that purpose in the return decision*“.



# UTL

## ÚTLENDINGASTOFNUN ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Í skilgreiningu frumvarpsins er gert ráð fyrir að sjálfviljug heimför sé án aðkomu lögreglu og Útlendingastofnunar en svo er ekki alltaf tilfellið enda geta umsækjendur um alþjóðlega vernd sótt um aðstoð alþjóða fólksflutningastofnunarinnar (IOM) til Útlendingastofnunar og auk þess hefur landamærastofnun Evrópusambandsins (FRONTEX) lagt aukna áherslu á sjálfviljuga heimför sem valkost við þvingaða heimför. Æskilegra væri að skilgreiningin væri orðuð í samræmi við skilgreiningu evrópuréttarins er því lagt til að 14. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist svo „*Einstaklingur sem yfirgefur landið sjálfviljugur samkvæmt fyrirmælum eða ákvörðun á grundvelli laga um útlendinga.*“

f.h. Útlendingastofnunar



---

Þorsteinn Gunnarsson